

Rýnihópur foreldra barna á frístundaheimili - viðtalsrammi

Kafli 1 – Stjórnun

1. Hvernig er ykkar upplifun af frístundaheimilinu?
2. Hafið þið aðgang að forstöðumönnum? Hvernig eru samskiptin almennt við hann/þau? (geta komið skoðunum sínum á framfæri, geta haft áhrif)
3. Hvernig er upplýsingaflæði til ykkar varðandi markmið og starfshætti frístundaheimilisins?
4. Er einhvern tíma leitað eftir sjónarmiðum ykkar um frístundastarfið? Ef já var það nýtt til umbóta?

Kafli 2 – Frístundastarf félagsmiðstöðvar

5. Hvernig er dagskipulag/dagskrá frístundaheimilisins kynnt fyrir ykkur? (s.s. á tölvupósti eða með kynningarfundum)

Kafli 3 – Mannauður

Kafli 4 - Staðarbragur

6. Hvernig finnst ykkur viðmót starfsfólksins? (starfsfólk sýnir frumkvæði að samskiptum)
7. Hvernig er samstarfið við starfsfólk? (reynt að koma til móts við óskir foreldra, ábendingum vel tekið, spurningum svarað greiðlega)
8. Er skipulögð foreldrakynning/fundur árlegur þáttur í starfseminni? Hafið þið mætt á slíka fundi?
9. Hvernig er öðrum upplýsingum komið á framfæri við ykkur og hvað finnst ykkur um upplýsingaflæðið? (s.s. fréttabréf, bæklingar, tösku- eða tölvupóstur, símtöl, heimasíða, samfélagsmiðlar)
10. Hvernig er komið til móts við þá foreldra sem óska eftir foreldraviðtali?
11. Hvað finnst ykkur um heimasíðu/facebooksíðu frístundaheimilisins? (virk og uppfærð reglulega, hagnýtar upplýsingar)
12. Finnst ykkur þið velkomin í heimsókn? Er talað um það sérstaklega að þið séuð velkomin?
13. Hvað finnst ykkur um verkefni sem börnin vinna á frístundaheimilinu?
14. Hvernig áhrif finnst ykkur starfið hafa á börnin?
15. Hvernig finnst ykkur samfellan í deginum vera hjá börnunum þegar litið er á heildarmyndina?
16. Hvað finnst ykkur um aðstöðuna?
17. Kemur frístundaheimilið til móts við þarfir barnanna til dæmis hvað þjónustutíma varðar?
18. Hvernig líður börnunum ykkar á frístundaheimilinu?
19. Finnst ykkur að þau séu örugg?
20. Hvernig tala börnin um frístundaheimilið við ykkur?